

Pegar þér sendið peninga.

Hvert sem peningar þurfa að sendast, eru banka-ávisir (Bank Drafts) og peninga ávisir (Money Order) öflugastar fyrir öðhulshett, sparnað og þæðni. — Þarft þú að senda peninga til annara lands, verður þessi banki yfir besta aðstoð. Að senda peninga upphæf uppi til fíntu dollara innan Kanada, eru banka ávisir einna þægilegastar. Frekari upplýsingar veitir þessi banki.

IMPERIAL BANK
OF CANADA
Ótíð á GIMLI

(341)

erðsins fylsta skilningi; sannur maður sem ávaxtaði sitt pund trúlega allan æfisdaginn. Friðarljós meistarans umkringi hann og lýsi honum á sólarbraut eilífðarinnar.

Skrifað að Glenboro, Man.

2. apríl 1912.

G. J. OLESON

SINDUR

Það er ýmislegt sett úr á tekju-skattinn. Einn maður finnur t. d. það að honum, að tekjur sínar séu ekki svo miklar, að hann þurfi að borga hann.

Það er auðvelt að komast að því, hverjir hafa náðuga daga og hverjir ekki. Ef þú heyrir mann stynja við að binda skóinn sinn, geturðu reitt þig á að hann hefir haft náðuga daga.

Nýkominn maður til Kanada sagði: "Þetta er mikið frelsis og jafnréttisland. Hér er enginn svo stór, að jafnvel hinn lægsti hiki við að spyrja hann: "Heyrðu, lagi, hefirðu eldséttu?"

Drengur á skóla-altri í New York, sem giftist kennara sínum 45 ára gömlum, segist ætla að halda áfram að mentast. Spurnað er þetta: Má hann ekki til úr því sem komið er.

Uppreist í Austur-Kyrjálum

Snemma í vetur hófst almenn uppreist í Austur-Karlen gegn sovjetstjórninni rússnesku. Hafa síðfærð skætur verið þar fram að þessu, en síðustu fegnir segja, að nú hafi Bolshévikar sent mikið lið til þess að skakka leikinn, svo

að búast má við að uppreistin sé bæd niður fyrir fult og allt. Karlen eða Kyrjalar liggja meðfram Finnlandi austanverðu og ná austur að Hvítahafi. Að sunnanverðu og suðvestan liggur landið að vötnum Ladoga og Onega. Sérstakur þjóðflokkur byggir land þetta og er í ýmsum greinum öflur bæði Finnnum og Rússum.

Pegar Finnir skildu við Rússland, reyndu þeir að innlima landið. En Finnir eru þær tilraunir mistókust. Með friðum í Dorpat fyrir réttu ári voru ákveðin örlög Karlen, en þar gátu Finnir þó komið því til leiðar, að Karlen fékk heimastjórn í ýmsum málum, en vera fylki innan rússneska ríkisins. Samkvæmt þessu lét rússneska stjórnin landinu eftir ýma sjálfstjórnarréttindi en þó var svo um hnúta búið, að það voru áhængendur sovjetstjórnarinnar, sem fengu yðindin í hendur. Finnur kommunisti, dr. Edvard Gylling hafði í rauninni öll ráðin. Kom þessi maður mjög við sögu landráðamálanna, en voru fyrir dómstólum í Svíþjóð fyrir nokkru, og var þar víða minnst á Karlen, sem miðstöð fyrir úbreiddu bolshevismans í öðrum löndum.

Einræði var mikið í stjórn landsins og almenn óánægja með hana, einkum í héraðum næst Finnlandi, Repola og Porajervi. Voru margir beittir harðstjórn og kvörtuðu við Finna undan óseldi valdhafanna, en Finnir létu þau klosumál, en árangurinn enginn nesk stjórnarinnar. Hafa margar og hvassar orðsendingar farið

milli Finna og Rússa um þessi klögumál, en áangurinn enginn orðið. Og svo lauk, að uppreist varð í öllu landinu.

Framan af veitti uppreistar-mönnum betur og get stjórnin engu tætti komið við þá. Var all-gott skipulag á framkvæmdum þeirra og að vopnum og vistum voru þeir vel búnir. Af þeim á- stæðum hefir rússneska stjórnin borið Finnnum það á brýn, að þeir eigi upptekin að uppreistinni og hafi komið skipulagi á her upp reistarmanna, og lagt honum til nauðsynjar. Hefir finna stjórnin þverneitað þessu, og segist geta fært sönnur á, að uppreistarmenn hafi undirbúið allt sjálfir, án nokk- urrar aðstoðar finnska borgara.

Hins vega sendu uppreistar- mennir Finnnum þegar í upphafi eiðnt um hjálp. En Finnir hafa ekki séð sér fært að veita háng.

Keisaraskifti í Japan

Yoshihito keisari Japan hefir um all-lángt ákeið verið veikur, og í haust er leið ágerðust veik- indin svo, að stjórn og herrað var kallað saman á fund, til þess að skera úr því, hvort yðindin skyldu ekki falin ríkiserfingjanum. Og svo fór, að hann var látninn taka við stjórninni. Það er Hirohito krónprins, sem nú er hæstaráðandi í Japan, og tók hann við 25. nóv. s. l. ári.

Aoshito keisari er aðeins 42 ára gamall, fæddur 31. ágúst 1879. Tók hann ríki árið 1912, og var krýndur árið 1915. Hiroh-

ito krónprins, sem nú er tekinn við, er fæddur árið 1901. Hann hefir fengið allmikla menntun, og er talinn vestrænni huganarhætti í fyrri ferðast hann til Englands Frakklands og Belgíu, og vakti það mikla athygli í Japan, því samkvæmt fornum átrúnaði mega konungsbörn Japanar ekki fara út fyrir landsteinana. Margir eru þeir, sem ekki trúa því enn í dag, að ríkiserfinginn hafi gerst svo djárfur að fara þessa fór, heldur hafi hann látið annan mann fara í sínu nafni.

Er þetta í fyrsta sinni í sögu Japan, að keisaraskifti verði, án þess að því valdi dauði þjóð- höfðingja.

Almennar fréttir.

Skr. Geddes í Winnipeg.

Sir Auckland Geddes sendi- herra Bretlands í Bandaríkjunum var staddur í Winnipeg fyrir hel- gina. Hann var að taka sér hvíld frá vinnu. Var hann ritari á af- vopnunarþinginu og þurfti að leggja mikið að sér. Hann hélt ræðu hér á Alexandra hótelinu í sambandi við gildi er honum var haldið. Var hún um fríðar- hugsjónir og þrúning af mælsku og snjallryðum.

Afléiðing af gengismuninum.

Híð laga gengi þýzka marks- ins hefir meðal annars valdið því að fjöldi manna úr nágrannaönd- unum hefir streymt til Þýskalands til að kaupa yfirleitt allt sem falt væri látið. Hefir þýzka stjórnin

gefið út mikinn lagabálk sem á að koma í veg fyrir að landið verði rúð inn að skyrtnni á þennan hátt.

Listaverk veðett. Stjórn Austurríkis hefir veð- sett Englendingum meotu lista- verkin sem til eru þar til andi fyrir 3 milljónir sterlingspunda, en verð þeirra er talið ferfjöld meira.

Tekjur Vihjálms þessara. Árstekjur Vihjálms fyrirverandi Þýskalandskeisara, af eignum hans nema 200,000 sterlings- pundum.

Jugo-Slavar og Fiume. Stjórnin í Jugo-Slaviu hefir beðið Frakka og Breta að slást í leik og stilla til friðar í Fiume og að sjá um að samningarnir sem gerðir voru í Rapallo, væru ekki virtir að vettugi; Frakkar og Bret- ar kváðu taka dauft í það mál.

Gerð magann ómóttækilegan fyrir sýruefni

Komist í veg fyrir meltingarleysi. Fáir þekktja, hvað áriðandi það er að halda magann frjálsum frá ill- kyndum sýrum. Sýra í maganum orsakar nið af hverjum tíu af maga- sjúkdómum. Þaðan sýrnar og gerist, er veldur uppþembu, hjálmætti og sýru og magapráttum, sem allir kann- ast við, og þjást af sjúkdómi þessum. Þessu eða verklegar tilraunir við meltingarleysi er óþarft, því þar gefa ekki varanlega lausn, en hafa oft- sköðleg áhrif. Hreinsaðu magann eftir hverja máltíð með því að drekka glas af heitu vatni með uppþembu Magnesia. Te- skelt eða þrjár töflur af heinu Bisurated Magnesia í glasi af vatni er allt sem þú þarftast. Kaupðu þessu- dýrur af Bisurated Magnesia í ein- hverri áreibanlegri lyfðisubúð og reyndu þetta í nokkrar vikur. Þór- áttu hvað heist þú villt með ángugi og dýttu ekkert. Ruthenian Bookellers and Pub- lishing Company, 850 Main St., Wpg.

Okrynda Ameríska drotningin.

(SAGA.)

V.

Eftir giftunguna heimsóttu þau hverja borgina á fætur annari í Bandaríkjunum. Skyldfólk hans í Evrópu skrifaði honum og lét í ljósi hlýhug sinn til hans og þeirra, en mintu hann þó á það, að þó Na- poleon væri nú hár í valdasessinum, væri hitt af skyld- fólk hans flest ennþá, "eins og fólk gerist flest." En sjálfur skrifaði Napoleon honum ekki. Bréfum þess- um skeytti Jerome lituð, enda geðjaðist honum ekki með öllu að þeim. Hann fór í stað þess að gera ráð fyrir að fara til Parísar og dvelja þar; og konan hans var þess fullviss, að ef Napoleon aðeins sá hana yrði máli þeirra auðunnir og vegur þeirra greið- ur að takmarkinu sem fyrir þeim vakti.

Og nú veit eg þú spyrjið: Fékk Napoleon þeim ríki og konungsdóm í hendur? Voru mikil líkindi til þess, að fyrsta ameríska stúlkan, sem konungsfólki tengdist hlýti drotningar kórónuna fyrirhafnarlaust?

Nei! Napoleon fékk þeim ekki ríki til forráða. Þó að hann um þessum mundi setti skyldmennin sín hvert á fætur öðru til valda í ýmsum ríkjum hvert á móti vilja íbúanna, þá lét hann sér hvorki detta í hug að setja Jerome á konungstól né einu sinni að viðurkenna giftingu hans. Af því leiddu auðvitað allskonar vandræði og við sjálf lá, að öfriði lysti upp milli Frakklands og Bandaríkjanna út af þessu; að minsta kosti var ekki um annað frekar talað um tíma. Fáðir Elizabetu reyndu á alla lund að koma á sættum og sendi hann son sinn til Frakklands í því skyni. Einnig var sendiherra Bandaríkjanna fengin til að gera það sem í hans valdi stóð til þess að jafna sakirnar. En þó Napoleon hefði reynt það misjafnlega að tryggja sig í valdasessinum með tengdum við konunga og keisara, áleit hann nú samt allar aðrar giftingar óhugsanlegar að því er skyld- mennin sín snerti, og hann tók því engum sáttatilboð- um frá Patterson. Og hann var erkióvinur Elizabetar fram á síðustu ár æfínnar. En þá á eyjunni St. He- lena iðraðist hann eftir að hafa kastað skugga á æfíferil hennar. Og þegar hann talaði um það, sagði hann: "Þeir, sem eg hefi gert rangt til, hafa fyrir- gefið mér, en þeir, sem eg hefi sýnt alla þá umhyggju og veldvild sem mér var unt að sýna, hafa gleymt mér."

VI.

Margar ástæður voru fyrir því, að Jerome Bonaparte dvaldi um stund vestanhafs og var ekki við- staddur er Napoleon og Jósefína voru krýnd í dómkirkjunni í Notre Dame. Elizabetu geðjaðist ekki að þeirri bið, því hana fýsti heldur en ekki að komast í tölu hirðfólksins franska og sýna sig með því. Jerome fýsti einnig að komast heim til bróður síns; hann vissi þó ekki hvernig hann átti í raun og veru að snúa sér; það ölli honum talsverðar áhyggjur, er hann heyrði að hann hefði verið strikaður út af skrá ætt-

VII.

Napoleon fanst það hálfu ergilegra en áður, að þessi ameríska stúlka skyldi halda til Englands, og leita verndar hjá Englendingum, sem voru erki-óvin- ir hans. Honum virtist það í meira lagi djárf, að hún skyldi þannig setja sig upp á móti vilja sínum og boð- um. Hann reyndi að fá þáfan til að ögilda giftungu- na. En er það tókst ekki, lét hann dómstólana í Frakklandi skera úr því og var giftingin þar með sögð ólögleg — í Frakklandi.

Östðöglyndi Jeromes, egingirni hans og eyðslu-

semi og takmarkalaus löngun eftir fræð, ölli því, að hann gleymdi brátt sínum fyrri heitum. Hann gleymdi og syni sínum. Napoleon veittist auðvelt að hafa hann á sínu valdi. Og hann fór nú að draga upp lífstíðar áætlun hans. En hún var í því fölgín að hann skyldi giftast prinsessu Cathrine af Wurten- berg. Og fyrir hlýðni Jeromes í því efni, gerði Na- poleon hann að konungi í Westphalen.

Pegar sonur Elizabetar var þriggja mánaða, sneri hún aftur heimleiðis til Baltimore. Um tíma héldu bréfin frá Jerome von hennar lifandi. En þegar hún frétti um giftingu hans í annað sinn, féll það henni þungt. Gleðin ástúðlega og óþvingaða og svipurinn ljúfmannlegi sem alla láðaði og lokkaði, hvarf að mestu en hrygð og vansæla kom í staðinn. Og ástin sem hún bar til Jeromes, varð að hatri. En um Na- poleon skrifaði hún á efri árum sínum: "Þrátt fyrir það að keisarinn vísaði mér frá dyrum sínum vegna þess að eg var ekki af konungsfólki komin, þá get- ur jafnvel það ekki eytt aðdáuninni sem eg bar til hans fyrir gáfur hans og mannskap."

Eftir þetta var Elizabet löngum að heiman, yfir í Evrópu og víðar. Napoleon veitti henni fé til lífs- viðurvaris og meira en það. Einnig erfið hún föð- ur sinn og varð þá stórríki. Ekki geðjaðist föður hennar vel að þessu konunga dekri dóttur sinnar og hann mintist þess oft raunalegur, að hún hefði lagt alla sína gæfu og gengi hér í sölnurnar fyrir það. Á- valt þótti henni lund sinni best skemt á meðal kon- ungafólksins, enda var hún oft í veizlum hjá því. Al- drei var hún samt viðurkend hjá því sem verulega tigin frú og má nærri geta hve henni hefir sárnað það.

Einu sinni er hún var á gangi í listasafni í Flo- rence á Ítalíu, rakst hún á eiginmann sinn. Hann var þar með drotningu sinni Cathrine. Hvísaði hann að drotningu sinni að þau yrðu að komast sem fyrst út úr safninu, því konan sem fram hjá hafi gengið, hefði verið "drotningin hans í Ameríku." Þannig mættust þau Jerome og Elizabet í fyrsta og síðasta sinni eftir skilnaðinn í Portúgal, sem ást þeirra gat ekki á því augnabliki skilið að veri nema stundar- skilnaður.

Elizabet kyntist allri fjölskyldu Napoleons nema honum sjálfum. Segir hún að fjölskyldan hafi ávalt verið að jagast um peninga og betir við, "spór á góð orð til sín". Sonur þeirra var mentaður í Evró- pu, en hann var alger Bandaríkjamáður í lund. Afa- sinum, Patterson, skrifaði hann af skólanum í Gen- eva: "Það hefir aldrei verið áform mitt að dvelja í Evrópu eftir að eg hefi lokið námi. Eg er heillaður af Bandaríkjunum og hefi þráð að komast þangað, síðan eg fyrst kom hingað."

VIII.

Aldrei misti móðir hans þá von, að sonur hennar yrði viðurkendur sem konungsbörn. Madama Mére, móðir Bonaparte-bræðrana fimm hafði mikl- ar mætur á sveininum. Og hún reyndi að gifta hann einni af frænkum hans; var Elizabetu það heldur en ekki fagnaðarefni. En þetta fórst nú samt fyrir. Og þrátt fyrir það að hann kyntist öllum skyldmönnum

sínum í Evrópu og föður sínum—fanst honum ekkert af því félkí heilla huga sinn. Hann fór því til Amerí- ku 1828, giftist bandarískri stúlku og lagði lög- mannsstörf fyrir sig; reyndist hann hinn nýtasti og færasti maður í sínum verkahring.

Pegar Napoleon III. stofnstétt keisaradæmi í ann- að sinn á Frakklandi, var hann því ekki mótfallinn að viðurkenna son Elizabetar, Jerome, sem lögmætinn erfingji af konungdómi á Frakklandi. Dómsmála- ráðgjafi Frakklands var með því og kváð það ekki nema réttmætt. Þarf ekki að segja frá því hve Eliza- betu var þetta mikið ánguefning. En fáðir hans mótmælti því, þó undarlegt og allt annað en góðmann- legt mætti heita. Og þannig lauk því máli, að ekkert varð af því að réttur Elizabetu eða sonar hennar væri viðurkendur af dómstólum á Frakklandi.

Elizabet lifði son sinn. En hann átti tvo sonu. Annar þeirra, Jerome Napoleon Bonaparte, varð fyrirliði í her Frakk, en hinn Charles-Joseph Bonaparte, þjónaði föðurlandi sínu — Bandaríkjunum — fyrst sem ritari í sjóhöfðeild Bandaríkjanna og síðar sem yfirmaður dómsmála landsins. Hann lét sig litlu skifta hverjar ættar hann var, en sagði að hver sem þjónaði vel fösturjörð sinni, þyrfti ekki að vera kom- inn up á þá heifursnáð, að vera af tignum ættum kominn til þess að geta heitið nýtur borgari.

Elizabet fylgdist mjög náið með því er maðurinn hennar hafði að. Hún dæðist að hinni djörfu fram- göngu hans við Waterloo. En sú framanga var meira af áráði og stórsmekun gerð en forsjá, sagði hún. Ösugurinn þar var ef til vill ein afléiðing af hans göllum. Henni var líka ljóst um það að hann æskti að verða konungur á Póllandi, þó sú ósk rétti- st ekki. En þrátt fyrir allt, óx ávalt stolt hennar með aldrinum út af því að hafa giftist honum. Hún talaði oft um kærleika þeirra og ást og dæleti Jer- omes á sér. Og þrátt fyrir breytni hans, var hún þess fullviss, að ást hans til sín hafi aldrei breyzt.

IX.

Raunir Madömu Bonaparte, eins og Elizabet var kölluð og það með réttu, voru miklar. En aldrei föln- aði feður hennar. Hún varð 94 ára gömul. Fræg er hún mjög talin, þó hún sé ekki ein af þeim konum er sagan getur um, sem lánið lék við. Hún var fædd áður en Bandaríkin urðu lýðveldi og við dauða hennar voru þau orðin 38, með 50 milljónum íbúa. Hón var persónulega kunnug konungum og drotningum, heimspekingum, skáldum, kardínálum, stjórnmála- mönnum og aðalsmönnum. Vinir hennar voru Wash- ington, Jefferson, Hamilton Burr, Lafayette, Loð- vík 17., Talleyrand, Mde deSteal, Maria Edgeworth og Tom Moore. Herforinginn af Wellington sem sigraði Napoleon við Watreloo, gaf henni þá gjöf, er hún virtist meta flestu eða öllu meira; en það var kjöltu-rakki. Hefir orsökinn til þess eflaust verið sú, að gjöf þessi minti hana á svo margt er nú var fram- komið í sambandi við hina fyrri drauma hennar.

Tofrandi feður, gáfur og unaðleg framanga, unnu Elizabetu Patterson kórónu. En hún bar hana ekki. Hún var svift síðustu upplýfingu drauma sinnna. En lítið vantaði á að þeir réttust, þó "mesti maður Evrópu" stæði í vegi.